

& sonar. Í gagnsök eiga aðaláfrýjendur að vera sýknir af kröfum gagnáfrýjenda. Málskostnaður aðal- og gagnsakar falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 27. apríl.

Nr. 10/1914.

Valdstjórnin
gegn

Louis Charles Maillard.

D ó m u r :

Mál þetta hefir verið höfðað gegn kærða Louis Charles Maillard, skipstjóra á botnvörpuskipinu »Liberté« frá Fécamp, fyrir brot á lögum um bann gegn botnvörpuveiðum 6. apríl 1898, og var hann með lögregluréttar-dómi Vestmannaeyjasýslu uppkveðnum 17. apríl f. á. dæmdur í 2160 króna eða 3000 franka sekt til lands-sjóðs, en öll veiðarfæri skipsins, þar með taldir dragstrengir, voru dæmd upptæk, svo og allur affi innanborðs, og skyldi andvirði þess renna í landssjóð.

Stjórnarráð Íslands hefir skotið þessum dómi til landsyferréttarins.

Formaður á mótorbátnum »Haffari« frá Vestmannaeyjum og 3 menn aðrir af bátshöfninni hafa borið það sem vitni og unnið eið að því, að botnvörpuskip með einkennisstöfunum F. 1957 hafi verið að veiðum milli

Heimaeyjar og lands 1. marz f. á. um kl. 1 síðdegis, og sáu vitnin, að botnvörpustrengurinn lá stríður aftur af skipinu stjórnborðsmegin. Skip kærða, »Liberté« frá Fécamp, er sérkent með fýrgreindum stöfum, og það þykir eigi þurfa að gera ráð fyrir, að hér geti verið um annað skip að tefla. Fjarlægð stöðvanna, þar sem skipið var að veiðum, frá landi, hefir eftir tilsögn vitnanna verið mæld af varðskipinu »Islands Falk« og hafa þær reynst vera hér um bil $\frac{3}{4}$ — $1\frac{1}{2}$ sjómíla fyrir innan landhelgis-mörk. Kærði kannast við það, að hann hafi verið við Vestmannaeyjar aðfaranótt 1. marz f. á., legið þar við akkeri í hlé í suðaustanveðri, en hann tjáist hafa tekið sig upp þaðan í dögun og haldið til Reykjavíkur við stöðulaust, nema hvað hann hafi haft tal í nokkrar mínútur af skipverjum á öðrum botnvörpungi svo sem 25 sjómíllur vestur af eyjunum. Hefir kærði stöðugt neitað því, að hann hafi nefndan dag eða í annað skifti verið hér að veiðum í landhelgi. Til stuðnings þessari neitun sinni lagði kærði fram í lögregluréttinum fiskidagbók skipsins, journal de pêche, og skískotaði til þess, er þar var innfært 1. og 2. marz f. á. Bók þessi hefir þó eigi verið lögð fram í yfirdóminum, en hún var af dómaramum afhent kærða. Það virðist þó eftir atvikum eigi fyrir þetta vera nauðsynlegt, að vísa málinu frá yfirdóminum, með því að skjal þetta, sem var óundirskrifað, var afhent kærða eftir beiðni hans sjálfs, og í því virðist eigi, eftir því sem ráðið verður af réttargerðunum, hafa staðið neitt, er skifti máli annað en það, er kærði hefir sjálfur skýrt frá í réttinum.

Hins vegar hafa 1. vélameistari og 1. stýrimaður á »Liberté« borið það sem vitni og staðfest með eiði, að

eigi hafi verið veitt með botnvörpu frá skipinu nefndan dag 1. marz f. á. En við þessa vitnisburði athugast það, að annað vitnið, stýrimaðurinn, hefir eigi getað munað neitt um mikilsvarðandi atriði í málinu, það, hvenær skipið hafi komið til Reykjavíkur, hvort það hafi verið á nótt eða degi, og var vitnið þó vakandi, og það virðist því hæpið gegn hinum ákveðnu vitnisburðum í gagnstæða átt, að treysta minni þessa vitnis um það, hvort skipið hafi haft botnvörpu sína úti við Vestmannaeyjar daginn áður. Hitt vitnið, vélameistarinn, segir skipið hafa verið komið til Reykjavíkur kl. 4 um morguninn 2. marz og tekur það fram, að ferð frá Vestmannaeyjum til Reykjavíkur taki venjulega 16 klukkustundir, en kærði heldur því fram, að þeir hafi komið til Reykjavíkur á 6. eða 7. tímanum, og kemur það heim við 16 kl.st. ferð, ef skipið hefði farið kl. 2 daginn áður frá Vestmannaeyjum. En hvernig sem á er litið, verður hvorki skýrslu vitnisins né kærða um komu skipsins til Reykjavíkur komið heim við það, að skipið hafi farið í dögum daginn áður frá Vestmannaeyjum, því að eftir því hefði það átt að vera 20 eða 22 kl.st. á leiðinni og hélt það þó því sem næst viðstöðulaust til Reykjavíkur. Þessir vitnisburðir þykja því eigi svo ábyggilegir, að þeir geti hnekt skýrslu bátshafnarinnar á »Haffara«, og verður því að telja sannað, að kærði hafi verið að botnvörpuveiðum eins og siðarnefnd vitni hafa skýrt frá, og þannig orðið brotlegur gegn fyrgreindum lögum 6. apríl 1898, 2. gr. Telst sektin, sem hann hefir til unnið fyrir þetta brot, með tilliti til þess, að hann, eftir því sem upplýst er í skýrslu varðskipsforingjans, hefir verið sektaður 19. febr. 1911 í Vestmannaeyj-

um um 600 franka fyrir brot á 3. gr. sömu laga, hæf-
lega ákveðin 1800 kr. til landssjóðs.

Framangreint lagabrot var, eftir því sem þegar er sagt, framið 1. marz f. á. Eftir það var kærði á fiski-
veiðum þangað til snemma í aprilmán. s. á. að hann fór
til Seyðisfjarðar og affermdi þar allan afla sinn í annað
skip, sem fór með hann til útlanda, en 15. s. m. var
skipið tept af varðskipinu og mál þetta höfðað gegn
kærða. Það er þannig upplýst, að ekkert af þeim fiski,
er kærði kann að hafa aflað með hinni ólöglegu veiði eða
þeim afla, sem skipið hafði þá innanborðs, var í því þeg-
ar það var hept. Það virðist nú eiga að skilja svo ákvæði
2. gr. nefndra laga um upptöku veiðarfæra og afla, að
það eigi við veiðarfæri og afla skipsins þegar brotið, sem
greinin ræðir um, var framið, og var þá eigi heimild til
að gera upptækan afla þann, sem var í skipi kærða þegar
það var handsamað, og eigi var fenginn með hinni ólög-
legu veiði. Verður því að breyta ákvæði dómsins, er að
þessu lýtur. Aftur á móti er ekkert upplýst um það, að
nein breyting hafi orðið á veiðarfærum skipsins frá 1.
marz til 15. apríl f. á., og verður því að ætla að þau
hafi verið hin sömu þegar málið var höfðað eins og þeg-
ar brotið var framið; var það því rétt, að veiðarfærin voru
með dóminum gerð upptæk.

Allan kostnað málsins fyrir undirrétti og yfirdómi
þer kærða að greiða, þar með talin málflutningslaun sækj-
anda og verjanda við yfirdóminn, 15 kr. til hvors þeirra.

Við meðferð málsins í lögregluréttinum er það at-
hugavert, að ekki er í dómnum neitt ákveðið um máls-
kostnaðinn, svo sem fyrir er mælt í N. L. 1—5—14.

Að öðru leyti hefir meðferð málsins verið vítalaus og málfærslan fyrir yfirdóminum hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Louis Charles Maillard, skipstjóri á botn-vörpuskipinu »Liberté« frá Fécamp, greiði 1800-króna sekt til landssjóðs og allan sakarkostnað fyrir undirrétti og yfirdómi; þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Magnúsar Sigurðssonar, 15 kr. til hvors.

Veidarfæri nefnds skips skulu vera upptæk og andvirði þeirra renna í landssjóð.

Ídæmd gjöld ber að greiða innan 8 vikna frá löglegri birtingu þessa dóms og honum að fullnægja með lagaaðför.

Mánudaginn 4. maí.

Nr. 61/1913.

Ísólfur Pálsson

gegn

Eiríki Torfasyni.

D ó m u r:

Með konunglegu leyfisbréfi, dags. 26. ágúst 1911, var Ísólfi Pálssyni organleikara, áfrýjanda þessa máls,